

Lög FÍLA

Tillaga að breytingu á aðalfundi FÍLA 8. maí 2020

A. Heiti félagsins og markmið

1. gr.

Heiti félagsins er Félag íslenskra landslagsarkitekta og er aðsetur þess í Reykjavík. Skammstöfun þess er FÍLA. Starfsheitið landslagsarkitekt er lögverndað. Fullgildum félagsmönnum ber að nota starfsheitið landslagsarkitekt FÍLA.

2. gr.

Markmið félagsins eru:

- að stuðla að þróun landslags- og garðbyggingarlistar.
- að vinna að skynsamlegri landnotkun og þróun byggðar.
- að tryggja varðveislu náttúru- og menningarverðmæta.
- að gæta hagsmuna félagsmanna og að efla góða samvinnu og kynningu þeirra.

B. Aðild að félaginu

3.gr.

Fullgildir félagsmenn geta þeir orðið sem lokið hafa námi í landslagsarkitektúr við menntastofnanir sem eru viðurkenndar af félaginu.

Sá sem hefur fengið löggildingu starfsheitis sbr. 3. gr. laga um löggildingu starfsheita 1), getur sótt um inngöngu í félagið. Með inngöngu öðlast hann rétt til að nota skammstöfunina FÍLA.

Fullgildir félagsmenn hafa atkvæðisrétt á fundum og rétt til að sitja í nefndum og stjórn félagsins.

1) Nú:Lög um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum nr. 8/1996, með áorðnum breytingum, síðast breytt 17.02.2000.

4.gr.

Nemar í landslagsarkitektúr geta sótt um námsmannaaðild stundi þeir nám við menntastofnanir sem félagið viðurkennir, sbr. 3.gr. Námsmannaaðild veitir hvorki rétt til setu í stjórn eða nefndum félagsins.

5.gr.

Heiðursfélagar geta þeir orðið sem stuðlað hafa að framgangi og þróun landslagsarkitektúrs eða unnið ótulllega fyrir félagið og stjórn þess mælir með. Boð um slíka aðild verður að hljóta samþykki minnst 3/4 hluta atkvæða aðalfundar. Fram skal fara skrifleg atkvæðagreiðsla. Heiðursfélagi hefur sömu réttindi og hver annar fullgildur félagi.

6.gr.

Árgjald félagsmanna skal ákveða á aðalfundi ár hvert að fengnum tillögum stjórnar. Aðalfundur tekur ákvörðun um fjölda gjalddaga á ári. Félagsgjöld skiptast í A-, B-, C- og D-gjöld.

- A-gjald er fullt félagsgjald.
- B-gjald er 80% af fullu félagsgjaldi og um það geta sótt félagar sem eru búsettir í lengra en 100 km fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu.

- C-gjald er 50% af fullu félagsgjaldi. Um það geta sótt:
 - félagar sem eru búsettir erlendis.
 - nýir félagar fyrstu tvö árin eftir útskrift.
 - félagar sem vegna sérstakra aðstæðna, sem stjórn telur gildar, hafa þörf fyrir lækkun árgjalds.
- D-gjald er 20% af fullu félagsgjaldi og er fyrir námsmenn.
- Heiðursfélagar og félagar 65 ára og eldri, er hafa verið a.m.k. 10 ár í félaginu, eru undanþegnir félagsgjaldi.
- Þeir sem greiða A-, B- og C-gjöld hafa sömu réttindi og skyldur gagnvart félaginu.

7.gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Gjaldkeri skal skila bókhaldi uppfærðu fram að aðalfundi. Hálfum mánuði fyrir aðalfund á hvert skal gjaldkeri félagsins skila reikningum til félagskjörinna reikningsskoðenda. Félagaskjörnir reikningsskoðendur skulu fara yfir reikninga félagsins fyrir reikningsár og skila athugasemdum til stjórnar a.m.k. viku fyrir aðalfund.

C. Stjórn félagsins

8. gr.

Aðalfundur er æðsta vald í öllum málefnum félagsins. Aðalfund skal jafnan halda fyrir 1. maí. Til hans skal boða skriflega með minnst mánaðar fyrirvara. Dagskrá aðalfundar er bundin í lögum þessum:

- Ársskýrsla stjórnar.
- Skýrslur nefnda og IFLA fulltrúa.
- Kynning á nýjum félögum.
- Lagðir fram skoðaðir reikningar.
- Ársgjöld félaga.
- Lagabreytingar.
- Kosning stjórnar.
- Kosning IFLA fulltrúa og fulltrúa í stjórn Hönnunarmiðstoðvar.
- Kosning félagskjörinna reikningsskoðenda.
- Kosning í nefndir.
- Önnur mál.

Tillögur til aðalfundar verða að hafa borist til stjórnar 20 dögum fyrir aðalfund. Tillögum og dagskrá aðalfundar ber stjórn að senda til félagsmanna 14 dögum fyrir áður boðaðan fund. Tillögur til lagabreytinga eru ræddar í þeirri röð sem þær berast stjórn.

Atkvæðisrétt hafa allir skuldlausir félagsmenn vegna árgjalda fyrri ára. Löglega forfallaður félagsmaður getur greitt skriflega atkvæði í stjórnarkjöri og um lagabreytingar. Lögleg forföll eru veikindi og ófyrirséð fjarvera.

Fundargerð aðalfundar ásamt ársskýrslu stjórnar, undirrituð af fundarstjóra og ritara skal liggja fyrir innan tveggja vikna frá aðalfundi og skal hún borin undir fyrsta almenna félagsfund á eftir.

9. gr.

Aukaaðalfund skal kalla saman ef þörf krefur að mati stjórnar eða þegar meirihluti félagsmanna krefst þess og skal boða til hans á sama hátt og til venjulegs aðalfundar.

10. gr.

Félagsfundi skal halda þegar stjórn félagsins telur þurfa, eða þegar minnst 1/3 félagsmanna krefst þess skriflega og skal geta tilefnis. Í gerðabók félagsins skal rita stutta skýrslu um það sem gerist á félagsfundi.

D. Stjórn og aðild að öðrum samtökum

11. gr.

Stjórn félagsins er kosin til eins árs í senn. Á aðalfundi eru kosnir 5 fullgildir félagar til setu í stjórn, formaður, ritari, gjaldkeri og tveir meðstjórnendur, sem fara með formennsku í dagskrárnefnd annars vegar og menntanefnd hins vegar.

Að lokinni kosningu í stjórn skal kjósa Ifla fulltrúa og fulltrúa félagsins í Hönnunarmiðstöð og eiga þessir fulltrúar ekki sæti í stjórn félagsins, en eru stjórn félagsins til aðstoðar um málefni sem tengjast verkefnum viðkomandi embætta.

Formaður FÍLA er kosinn í sérstakri kosningu á aðalfundi en kjörin stjórn skiptir að öðru leyti með sér störfum. Við stjórnarkjör skal tryggt að a.m.k. tveir úr fráfarandi stjórn sitji áfram. Ritari er staðgengill formanns. Ef atkvæði falla jöfn ræður atkvæði formanns. Stjórnin skal halda fundargerðarbók.

12. gr.

Stjórn félagsins fer með æðsta vald félagsins milli aðalfunda, sinnir rekstri félagsins og gætir hagsmuna félagsheildarinnar.

13. gr.

Fastanefndir félagsins eru:

A) Almenn félagsmál: dagskrárnefnd, laganefnd, menntanefnd og samkeppnisnefnd.

B) Sérstök mál: orðanefnd og siðanefnd.

Dagskrárnefnd skipuleggur og sér um faglegt innra starf félagsins. Nefndin setur upp dagskrá fyrir starfsárið, útvegar gestafyrirlesara inn á félagsfundi ofl. tengt þeim. Jafnframt aðstoðar hún ritara félagsins með heimasíðu og samfélagsmiðla.

Laganefnd fjallar um breytingar á lögum FÍLA, fylgir eftir faglegum málefnum er varða réttindi félagsmanna (s.s löggildingu starfsheitis, séruppdrætti landslagsarkitekta o.fl.) auk þess að fjalla um lagaleg erindi sem berast FÍLA og varðar lög og reglugerðir frá Alþingi og stofnunum samfélagsins.

Menntanefnd fer með menntamál landslagsarkitekta og leiðbeinir stjórn félagsins við inntöku nýrra félaga í FÍLA. Nefndin heldur tengsl við helstu menntastofnanir sem mennta landslagsarkitekta og menntastofnanir fyrir tengd fög, s.s. skrudgarðyrkju, garðplöntufræðinga o.fl.

Samkeppnisnefnd fer með umboð félagsins í samkeppnum á vegum þess.

IFLA fulltrúi, fulltrúi félagsins í Hönnunarmiðstöð, formenn dagskrárnefndar og menntanefndar eru kosnir sérstakri kosningu á aðalfundi. Aðrar nefndir velja sér formenn sem jafnframt eru talsmenn nefnda og skila ársskýrslu til stjórnar fyrir hvern aðalfund. Formenn nefnda skipa fulltrúaráð FÍLA sem hittist einu sinni á ári með stjórn til þess að samræma starfsemi FÍLA. Nefndirnar skulu starfa samkvæmt starfsreglum sem stjórn FÍLA ákveður í samráði við viðkomandi nefnd. Starfsreglur skulu staðfestar á félagsfundi. Seti í nefndum lýtur sambærilegum endurnýjunarreglum og seti í stjórn. Auk þess getur stjórn FÍLA skipað nefndir eða einstaklinga í tímabundin verkefni.

14. gr.

Aðild FÍLA að félögum og samtökum skal samþykkt á lögætum félagsfundi að undangenginni kynningu.

Allir fullgildir félagsmenn FÍLA verða sjálfkrafa félagsmenn í samtökunum Myndstefi - Myndhöfundasjóði Íslands. Tilgangur samtakanna er að fara með höfundarétt félagsmanna vegna opinberra endurbirtinga og sýninga á verkum þeirra og stuðla að almennri höfundaréttargæslu.

E. Ágreiningsmál

15. gr.

Verði félagsmaður sakaður um brot á siðareglum félagsins eða aðrar misgjörðir er félagið varðar skal sakargiftum vísað til umfjöllunar siðanefndar. Ef ástæða er til getur stjórn veitt félagsmanni áminningu. Brottrekstur félagsmanna vegna brota á lögum eða öðrum samþykktum félagsins er aðeins gildur ef hann hefur hlotið samþykki 2/3 hluta atkvæða á aðalfundi. Endurnýjun félagsaðildar skal hljóta samþykki aðalfundar.

16. gr.

Úrsögn úr félaginu verður að vera skrifleg til stjórnar félagsins.

17. gr.

Skuldi félagsmaður eitt árgjald glatar hann atkvæðisrétti og nýtur þá ekki lengur þjónustu félagsins. Skuldi félagsmaður tvö árgjöld skoðast það sem úrsögn úr félaginu, enda hafi stjórn tilkynnt félaganum stöðu hans áður í ábyrgðarbréfi. Úrsögn með þessum hætti leysir menn ekki undan skuldum við félagssjóð.

F. Félagsslit

18. gr.

Félagsslit geta orðið með samþykki 2/3 hluta aðalfundar. Eignum félagsins skal ráðstafa samkvæmt sérstökum ákvæðum, sem aðalfundur hefur samþykkt.

Endurskoðað og breytt af laganefnd og stjórn FÍLA í apríl 2020, lagt fyrir og samþykkt á aðalfundi FÍLA 8. maí 2020.